Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 18. júní 2025
2504798/103.03 KES

Efni: Endurskoðun á gjaldskrá akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
Lögð er fram til afgreiðslu Velferðar- og mannréttindaráðs tillaga á breytingu á gjaldtöku vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Í tillögunni er lagt til að gerðar verði breytingar á gjaldtöku Kópavogsbæjar vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk þannig að boðið verði upp á tímabilskort, annars vegar árskort og hins vegar sex mánaða kort og miðað verði við verðskrá Strætó fyrir öryrkja. Því er lagt til að við 3. gr. reglna um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi bætist eftirfarandi ákvæði: Gjald vegna árskorts skal miðast við árskort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Gjald vegna 6 mánaða korts miðast við við 60% af árskorti fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Árskort og 6 mánaða kort gilda fyrir fastar ferðir sem mætt er í. Þá er lagt til að við gjaldskrá vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk bætist eftirfarandi ákvæði: Árskort kostar nú 33.600 kr. og 6 mánaða kort 20.160 kr. Tímabilskort gilda fyrir fastar ferðir sem mætt er í. Fyrir ferðir sem pantaðar eru samdægurs og fyrir kvöldferðir sem pantaðar eru eftir kl. 16 á virkum dögum eða eftir kl. 14 um helgar er greitt almennt gjald ásamt 1.000 kr. aukalega. Ef ekki er mætt í bókaða ferð er greitt almennt fargjald. Með því að bjóða upp á tímabilskort verður að telja að komið sé til móts við sjónarmið umboðsmanns Alþingis vegna ofangreinds.

Breytingin var lögð til kynningar fyrir velferðar og mannréttindaráð Kópavogsbæjar þann 12. maí 2025. Ráðið vísaði breytingunum áfram til umsagnar til notendaráðs í málefnum fatlaðs fólk. Notendaráðið tók erindið fyrir á fundi þann 3. júní 2025. Niðurstaða notendaráðs var eftirfarandi:

> *Karítas Eik Sandholt er þökkuð góð kynning á breytingum á gjaldskrá vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk hjá Kópavogsbæ. Notendaráð þakkar fyrir kynntar reglur.*

Er tillagan nú aftur lögð Velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogsbæjar til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Karítas Eik Sandholt
Karítas Eik Sandholt
Lögfræðingur velferðarsviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026